

## REGLUGERÐ

### um skipun loftrýmis í flokk og aðgang flugs samkvæmt sjónflugsglum yfir fluglagi 195.

#### 1. gr.

##### *Markmið.*

Markmið reglugerðar þessarar er að mæla fyrir um kröfur um samhæfða skipun loftrýmis í flokk, sem gildir fyrir fluglag yfir 195, og þar er mælt fyrir um samræmdar kröfur um aðgang flugs samkvæmt sjónflugsglum að þessu loftrými.

#### 2. gr.

##### *Gildissvið.*

Reglugerð þessi gildir um loftrými Alþjóðaflugmálastofnunarinnar innan Evrópusvæðis (ICAO EUR) og Afríku- og Inlandshafssvæðis (ICAO AFI) þar sem aðildarríki innan Evrópska efnahagssvæðisins eru ábyrg fyrir því að veita flugumferðarþjónustu.

#### 3. gr.

##### *Orðskýringar.*

Vísað er til frekari orða og orðskýringa en hér greinir í reglugerð um flugleiðsögu í samevrópska loftrýminu nr. 870/2007.

Pegar eftirfarandi orð og orðasambönd eru notuð í reglugerð þessari hafa þau þá merkingu sem hér segir:

**Loftrýmisreglugerðin** (*Airspace Regulation*): Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 551/2004 frá 10. mars 2004 um skipulag og notkun loftrýmis á samevrópska flugumferðarsvæðinu. Sjá fylgiskjal IV með reglugerð um flugleiðsögu í samevrópska loftrýminu nr. 870/2007.

**Rammareglugerðin** (*Framework Regulation*): Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 549/2004 frá 10. mars 2004 um setningu rammaákvæða um að koma á samevrópsku flugumferðarsvæði, sjá fylgiskjal II með reglugerð um flugleiðsögu í samevrópska loftrýminu nr. 870/2007.

**Rekstrarsamhæfisreglugerðin** (*Interoperability Regulation*): Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 552/2004 frá 10. mars 2004 um rekstrarsamhæfi evrópska netsins fyrir rekstrarstjórnun flugumferðar. Sjá fylgiskjal V með reglugerð um flugleiðsögu í samevrópska loftrýminu nr. 870/2007.

**Þjónustureglugerðin** (*Service Regulation*): Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 550/2004 frá 10. mars 2004 um að veita þjónustu á sviði flugleiðsögu á samevrópska flugumferðarsvæðinu. Sjá fylgiskjal III með reglugerð um flugleiðsögu í samevrópska loftrýminu nr. 870/2007.

#### 4. gr.

##### *Innleiðing gerða.*

Með reglugerð þessari öðlast gildi reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins nr. 730/2006 frá 11. maí 2006 um skipun loftrýmis í flokk og aðgang samkvæmt sjónflugsglum yfir fluglagi 195 með þeim breytingum og viðbótum sem leiðir af XIII. viðauka samningsins og bókun 1 um altæka aðlögun, samkvæmt ákvörðun sameiginlegu nefndarinnar nr. 133/2006 frá 27. október 2006. Reglugerðin er birt sem fylgiskjal með reglugerð þessari.

5. gr.  
*Viðurlög.*

Brot gegn ákvæðum reglugerðar þessarar varða refsingu samkvæmt 141. gr. laga um loftferðir nr. 60/1998 með síðari breytingum.

6. gr.  
*Gildistaka.*

Reglugerð þessi sem er sett með heimild í 75. og 76. sbr. 145. gr. laga um loftferðir nr. 60/1998 með síðari breytingum, öðlast þegar gildi.

*Samgönguráðuneytinu, 6. júní 2008.*

**Kristján L. Möller.**

---

*Ragnhildur Hjaltadóttir.*

**Fylgiskjal I.****REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (EB) nr. 730/2006**

frá 11. maí 2006

**um skipun loftrýmis í flokk og aðgang flugs samkvæmt sjónflugsglum yfir fluglagi 195**

(Texti sem varðar EES)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

flokk vera samræmd fyrir öll flug í því loftrými.

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

- 4) Í 5. gr. 4. kafla í 2. viðauka <sup>(4)</sup> við Chicago-samninginn um alþjóðlegt almenningflug frá 1944 eru takmarkanir, er varða minnkaðan lágmarkshæðaraðskilnað fyrir flug samkvæmt sjónflugsglum (VFR) yfir fluglagi 290, en í 4. gr. þess kafla er hins vegar kveðið á um að nauðsynlegt sé að fá heimild fyrir flugi samkvæmt sjónflugsglum yfir fluglagi 200.

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 551/2004 frá 10. mars 2004 um skipulag og notkun loftrýmis í samevrópska loftrýminu (loftrýmisreglugerðin) <sup>(1)</sup> einkum 4. gr.,

- 5) Nauðsynlegt er að verklagsreglur, sem heimila aðgang flugs samkvæmt sjónflugsglum að loftrými yfir fluglagi 195 til og með fluglagi 285, séu öllum aðildarríkjunum aðgengilegar og gagnsæjar án þess að það takmarki lögmætan aðgang flugs samkvæmt sjónflugsglum eða sveigjanleika flugumferðarþjónustu.

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 549/2004 frá 10. mars 2004 um setningu rammaákvæða um að koma á samevrópsku loftrými (rammareglugerðin) <sup>(2)</sup>, einkum 2. mgr. 8. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í 6. mgr. 2. kafla í 11. viðauka <sup>(3)</sup> við Chicago-samninginn um alþjóðlegt almenningflug frá 1944 er þess krafist að loftrými sé skipað í flugumferðarþjónustuloftrými af skilgreindri stærð, táknuð með flokkum A til G í stafrófsröð, þar sem heimilaðar eru tilteknar tegundir flugs og þar sem tilgreind er tiltekin flugumferðarþjónusta og reglur um rekstur.
- 2) Evrópustofnun um öryggi flugleiðsögu (Eurocontrol) hefur fengið umboð, í samræmi við 1. mgr. 8. gr. reglugerðar (EB) nr. 549/2004, til að kanna möguleikana á því að samhæfa skipun loftrýmis í flokk að því er varðar samevrópska loftrýmið. Í skýrslunum frá 30. desember 2004 og 30. apríl 2005, sem voru teknar saman innan ramma umboðsins, var lagt til að innleiddur yrði loftrýmisflokkur C sem viðeigandi flokkur loftrýmisins yfir fluglagi 195. Í þessari reglugerð er tekið fullt tillit til þessara skýrslna. Með það í huga að tryggja að aðildarríkin beiti slíkrri skipun loftrýmis í flokk á samræmdan hátt er nauðsynlegt að samhæfa hana og ákvarða reglur um aðgang flugs samkvæmt sjónflugsglum.
- 3) Þótt ekki séu tilgreind nein efri mörk fyrir loftrýmið í þessari reglugerð skal skipun loftrýmis yfir fluglagi 195 í

- 6) Aðildarríkin skulu tryggja að umskiptin yfir í það fyrirkomulag, að loftrýminu yfir fluglagi 195 sé skipað í loftrýmisflokk C, séu örugg. Þar sem aðildarríkin þurfa tíma til að breyta skipun loftrýmis í flokk skal beitingu þessarar reglugerðar frestað til 1. júlí 2007.
- 7) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit nefndarinnar um samevrópskt loftrými.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

**Efni og gildissvið**

1. Í þessari reglugerð er kveðið á um samhæfða skipun loftrýmis í flokk, sem gildir fyrir fluglag yfir 195, og þar er mælt fyrir um samræmdar kröfur um aðgang flugs samkvæmt sjónflugsglum að þessu loftrými.

2. Í samræmi við 3. mgr. 1. gr. reglugerðar (EB) nr. 551/2004 skal þessi reglugerð gilda um loftrými Alþjóðaflugmálastofnunarinnar innan Evrópusvæðis (ICAO EUR) og Afríku- og Indlandshafssvæðis (ICAO AFI) þar sem aðildarríkin eru ábyrg fyrir því að veita flugumferðarþjónustu.

<sup>(1)</sup> Stjóð. ESB L 96, 31.3.2004, bls. 20.<sup>(2)</sup> Stjóð. ESB L 96, 31.3.2004, bls. 1.<sup>(3)</sup> 13. útg. — júlí 2001 www.icao.int.<sup>(4)</sup> 10. útg. — júlí 2005 www.icao.int.

2. gr.

**Skilgreiningar**

Auk viðeigandi skilgreininga, sem settar eru fram í 2. gr. reglugerðar (EB) nr. 549/2004, er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

1. „frátekið loftrými“: tiltekinn hluti loftrýmis sem er tekinn frá tímabundið til einkanota eða sérstakra nota fyrir tiltekna notendahópa,
2. „flugumferðarþjónustudeild“: borgaraleg eða hernaðarleg deild sem er ábyrg fyrir að veita flugumferðarþjónustu,
3. „flug samkvæmt blindflugsreglum“: hvers kyns flug samkvæmt blindflugsreglum eins og þær eru skilgreindar í 2. viðauka<sup>(1)</sup> við Chicago-samninginn um alþjóðlegt almenningflug frá 1944,
4. „flug samkvæmt sjónflugsreglum“: hvers kyns flug samkvæmt sjónflugsreglum eins og þær eru skilgreindar í 2. viðauka<sup>(2)</sup> við Chicago-samninginn um alþjóðlegt almenningflug frá 1944,
5. „skipun loftrýmis í flokk“: skipun loftrýmis í flugumferðarþjónustuloftrými af skilgreindri stærð, táknuð með bókstöfum í stafrófsröð, þar sem leyfðar eru tilteknar tegundir flugs og þar sem tilgreind er tiltekin flugumferðarþjónusta og reglur um rekstur. Flugumferðarþjónustuloftrými er skipt í flokka A til G, eins og skilgreint er í lið 6.1 í 2. kafla 11. viðauka<sup>(3)</sup> við Chicago-samninginn um alþjóðlegt almenningflug.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 11. maí 2006.

3. gr.

**Skipun loftrýmis yfir fluglagi 195 í flokk**

1. Aðildarríkin skulu skipa öllu loftrými yfir fluglagi 195 í loftrýmisflokk C.

2. Með fyrirvara um 4. gr. skulu aðildarríkin tryggja að blind- og sjónflug séu heimiluð í loftrýmisflokki C, að slíku flugi sé veitt flugumferðarþjónusta og að blindflugið sé aðskilið frá öðru blind- og sjónflugi. Aðgreina skal sjónflug frá blindflugi og veita skal loftfari, sem flogið er samkvæmt sjónflugsreglum, upplýsingar um umferð annarra loftfara sem flogið er samkvæmt sjónflugsreglum.

4. gr.

**Aðgangur að sjónflugi yfir fluglagi 195**

Verði því við komið, er aðildarríkjunum heimilt að taka frá loftrými yfir fluglagi 195 þar sem heimilt er að leyfa sjónflug.

Í loftrými yfir fluglagi 195 til og með fluglagi 285 geta hinar ábyrgu flugumferðarþjónustudeildir einnig heimilað sjónflug í samræmi við þær verklagsreglur sem aðildarríkin hafa fastsett og birt í viðeigandi flugupplýsingahandbókum.

5. gr.

**Gildistaka og beiting**

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Sjónartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún kemur til framkvæmda frá og með 1. júlí 2007.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,*

Jacques BARROT

*varaforseti.*

<sup>(1)</sup> 10. útg. — júlí 2005 www.icao.int.

<sup>(2)</sup> 10. útg. — júlí 2005 www.icao.int.

<sup>(3)</sup> 13. útg. — júlí 2001 www.icao.int.